

## Sendiráð Íslands á Indlandi

Sendiráð Íslands í Nýju-Delí á Indlandi var opnað í gær, 26. febrúar. Íslenskir starfsmenn sendiráðsins verða sendiherra, sendiráðunautur og sendiráðsfulltrúi, auk staðarráðinna starfsmanna. Sendiherra er Sturla Sigurjónsson, fyrrum skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Skrifstofa sendiráðsins er í sama húsnæði og sendiráð Danmerkur í Nýju-Delhi.

Umdæmi sendiráðsins mun einnig ná til Nepal, Bangladesh, Srí Lanka, Indónesíu, Maldíveyja og Seychelleseyja. Stefnt er að því að efla tengsl og styrkja net kjöræðismanna í umdæmisríkjunum. Ísland tók upp stjórnmalasamband við Indland árið 1972. Indversk stjórnvöld hafa lýst yfir vilja til að opna sendiráð á Íslandi.

Indland er rúmlega 3 milljónir ferkílómetrar að stærð með um 1,1 milljarð íbúa. Mannfjöldaspár gera ráð fyrir að árið 2050 verði Indland fjölmennasta ríki heims með 1,6 milljarð íbúa.

Sérfræðingar í efnahagsmálum eru á einu máli um að hagvaxtarmöguleikar Indlands séu verulegir í ljósi stærðar ríkisins, yfirstandandi efnahagsumbóta og sterks menntakerfis. Samfara auknum efnahagsstyrk fer vægi Indlands á alþjóðavettvangi, sem stærsta lýðræðisríkis heims og kjarnorkuveldis, ört vaxandi. Indland hefur m.a. sóst eftir föstu sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Efling viðskiptasamstarfs Íslands og Indlands verður meginverkefni sendiráðs Íslands í Nýju-Delhi. Með opnun sendiráðs Íslands á Indlandi er stefnt að því að búa í haginn fyrir þátttöku íslenskra aðila í þeim efnahagsuppgangi sem er fyrirjábanlegur á næstu árum og áratugum í landinu.

Indverskum stjórnvöldum hefur tekist að halda uppi stöðugum hagvexti, eða 7,1% á árinu 2005. Gert er ráð fyrir 8 % hagvexti á árinu 2006 og svo árlega allt fram til ársins 2020. Indland er nú þegar fjórða stærsta hagkerfi heims. Erlend fjárfesting á Indlandi nam 5,3 milljörðum Bandaríkjadala árið 2004 og jókst um 25% frá fyrra ári.

Í ljósi þessa eru mörg sóknarfæri fyrir íslensk fyrirtæki á Indlandi. Fyrirjábanlegt er að með aukinni hagsæld muni Indverjar sækja meira til annarra ríkja, bæði til viðskipta og fjárfestinga, og sem ferðamenn. Einstök ríki og alþjóðleg stórfyrirtæki leggja nú þunga áherslu á þátttöku í viðskiptasamstarfi við Indland.

Íslensk fyrirtæki eru þegar farin að gefa Indlandi gaum, bæði vegna hugsanlegra viðskipta og með tilliti til fjárfestinga. Í för með staðgengli utanríkisráðherra í opinberri heimsókn til Indlands eru 23 íslensk fyrirtæki. Ýmis indversk fyrirtæki hafa sömuleiðis sýnt viðskiptum á Íslandi áhuga og indversk stjórnvöld hafa hvatt íslenska fjárfesta til taka þátt í viðskiptasamstarfi á Indlandi.

Indland er aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) og býr hagkerfið þar í landi að mestu leyti við sömu réttarreglur og á vesturlöndum. Á síðasta áratug hefur verulegum efnahagsumbótum verið hrint í framkvæmd og enn frekari breytinga í átt að auknu viðskiptafrelsi er að vænta. Engu að síður er vert að hafa í huga að ríkisafskipti af indverskum

efnahagsmálum eru enn umtalsverð og að fjarlægð og framandleiki hins indverska markaður krefst staðarþekkingar.

Sendiráð getur gegnt mikilvægu milligöngu- og fyrirgreiðsluhlutverki við þessar aðstæður. Með staðarþekkingu og sterkum stjórnáttengslum mun sendiráðið geta greitt götu íslenskra fyrirtækja sem hyggja á viðskipti við Indland. Sömuleiðis liggur fyrir að stór hluti indversks efnahagslífs, s.s. orkuiðnaður, er í opinberri eigu og stjórnáttasamskipti því í raun forsenda viðskiptasamstarfs á þeim sviðum.

Styrking lagaumhverfis viðskipta ríkjanna er einnig mikilvæg. Unnið er að gerð tvísköttunarsamnings og fjárfestingasamnings og íslensk stjórnvöld sækja á um gerð fríverslunarsamnings. Tvíhliða samningar hafa verið gerðir á milli ríkjanna um reglulegt pólitískt samráð og um samstarf á sviði vísinda og menningar. Loftferðasamningur hefur þegar verið gerður sem auðvelda mun ferðamennsku og loftflutninga.

Indverskar stofnanir hafa lýst áhuga á tæknilegu samstarfi á sviðum þar sem Ísland hefur sérþekkingu, t.d. í sjávarútvegi og jarðskjálftafræðum, og er unnið að útfærslu þess.

Tvíhliða viðskipti Íslands og Indlands voru á síðasta ári jafnvirði einungis tæplega 1 milljarðs króna. Íslendingar hafa aðallega flutt inn vefnaðarvöru, matvæli, gjafavöru og lyf en flutt út fiskafurðir, lyf og hugbúnað.

Sendiráð Íslands á Indlandi mun leggja sig fram um að vinna náið með íslenskum fyrirtækjum og hagsmunaðilum, sem eru í eða hyggja á samstarf við Indland. Þá mun sendiráðið aðstoða íslenska ferðamenn, eftir þörfum, bæði á Indlandi og í öðrum umdæmisríkjum þess.

Utanríkisráðuneytið 26. febrúar 2006.